

10
27. jan.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

11
2. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, orðist svo:

Engum er heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefur á riti, að gefa út þýðing á því fyrr en 25 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn. — Nú hefur rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum áður en téður 25 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála, nema sá, er eignarréttinn hefur, leggi á samþykki sitt. Nú er rit gefið út í heftum, og ber þá að telja ofangreint 25 ára tímabil frá útkomu síðasta heftis. Sé um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafélög gefa út, þá skulu einstök bindi eða skýrslur teljast sérstök rit að því er umgetinn frest snertir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.